

## athugasemd vegna Rammaáætlunar

Birta Jóhannesdóttir [birtajoh@hotmail.com]

**Sent:** 7. maí 2012 15:55

**Viðtakandi:** Nefndasvið umsagnir

Alþingi  
Erindi nr. P 140/2313  
komudagur 7.5. 2012

---

Mosfeilsbær 7.mai 2012

Ég, Birta Jóhannesdóttir 110270-5779, geri alvarlegar athugasemdir við að jarðhitasvæðið við Sveifluháls í Reykjanesfólkvangi sé sett í nýtingarflokk í Rammaátælnun og tel því betur borgið í verndarflokki. Þetta svæði er í næsta nágrenni höfuðborgarinnar og borgarbúar jafnt sem ferðamenn vilja njóta náttúrunnar við túnfótinn. Þess má geta að yfir um 120 þúsund ferðamenn komu á svæðið síðasta sumar.

Að breyta friðlýstum fólkvangi og útivistarsvæði í orkuvinnslusvæði er eitthvað sem hlýtur að vera rangt á tímum þegar náttúrusvæði í nálægð við þéttbyli hafa aldrei verið verðmætari einmitt nú þegar bensínverð er í hæstu hæðum og kostnaðarsamt að ferðast um langan veg til að njóta náttúru slíkra svæða.

Sömuleiðis ættu Eldvörp skilyrðislaust að fara í verndarflokk. Þar liggja gamlar þjóðleiðir sem í dag eru vinsælar gönguleiðir. Auk þess ætti ekki að hrófla við umhverfi gígaraðarinnar sjálfar sem er einstakt jarðfræðilegt fyrirbæri, sambærilegt við Lakagíga.

virðingarfyllt

Birta Jóhannesdóttir